

Lestrarstefna Reykjahlíðarskóla





Lestrarstefna Reykjavíðarskóla

Lestur er undirstaða náms og eitt öflugasta tækið sem hægt er að nota til að afla sér þekkingar. Lestur og læsi er einnig mikilvæg forsenda fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og því leggur Reykjavíðarskóli áherslu á læsi á allri skólagöngu nemandans.

Lestrarkennslan í skólanum er margþætt og margir samverkandi þættir sem gera lestrarnámið árangursríkt. Lestrarnámið er samvinnuverkefni heimilis og skóla þar sem þáttur foreldra í heimalestri gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki. Nemendur í 2. - 7. bekk eiga að lesa heima a.m.k. fimm sinnum í viku í að lágmarki 10 - 15 mínútur, foreldrar/forráðamenn kvitta fyrir. Allir nemendur í 2. - 7. bekk hafa kvittanablöð fyrir heimalestur. Nemendur í 1. bekk lesa tvisvar á dag fyrir kennara 5 daga vikunnar.

Í Reykjavíðarskóla eru notaðar ýmsar lestraraðferðir til að koma sem best til móts við þarfir nemenda.

Skólabókasafnið er mikilvægur hlekkur í lestrarnáminu. Nemendur hafa daglegan aðgang að safninu og nýta bækur þaðan í heimalestri þegar lestrarnámið er komið vel á veg.

Yndislestrarstundir eru skipulagðar í námi barnanna. Þar gefst nemendum kostur á að skoða eða lesa bækur að eigin vali. Einnig er tíminn nýttur til að lesa í heimalestrarbók eða námsbók, allt eftir því hvað hentar hverju sinni.

Lestraráttak er í skólanum fyrir 2.-10. bekk tvisvar sinnum á vetri.

Lestrarstefna Reykjavíðarskóla er í sífelldri endurskoðun og verður breytt eftir þörfum.

Hér á eftir er skipulag lestrarnáms fyrir alla árganga í Reykjavíðarskóla, auk þess eru hugmyndir sem má nýta í heimalestrarþjálfun.



Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| 1. bekkur | 4 |
| 2. bekkur | 5 |
| 3. bekkur | 6 |
| 4. bekkur | 7 |
| 5. bekkur | 8 |
| 6. bekkur | 9 |
| 7. bekkur | 10 |
| 8. bekkur | 12 |
| 9. bekkur | 14 |
| 10. bekkur | 16 |
| Próf og mælitæki | 18 |
| Skimanir og stöðupróf Menntamálastofnunar | 18 |
| LOGOS | 19 |
| Íhlutun..... | 20 |
| Hugmyndir að lestrarþjálfun fyrir heimilin: | 21 |
| Heimalestrarþjálfun nemandu..... | 22 |
| Verklagsreglur ef heimalestri er ekki sinnt | 22 |



Lestrarstefna Reykjahliðarskóla

| 1. bekkur | Markmið og leiðir | Mat á markmiðum og leiðum | Kennsluaðferðir og íhlutun | Matstæki Hvenær framkvæmt | Viðmið árgangs yfir veturinn |
|--------------------------|--|---|---|--|--|
| Lesmál og leikni | Nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• Les texta sem hæfir aldri.• Eykur lestrarfærni.• Nær að hlusta með athygli á upplestur.• Skilur innihald texta. | <ul style="list-style-type: none">• Getur lesið einfaldan texta.• Getur lesið eigin texta.• Getur hlustað á flutning annarra. | <ul style="list-style-type: none">• Lestur fyrir kennara tvisvar sinnum á dag.• Yndislestur• Upplestur í bekk• Heimalestur. <p>Íhlutun: Sjá töflu blaðsíðu 19</p> | <ul style="list-style-type: none">• Lesferill:<ul style="list-style-type: none">○ Sjónrænn orðaforði, orðleysur í maí.• Símat. | <ul style="list-style-type: none">• Áhugi.• Sjálfstæði.• Forvitni. |
| Aðferðir og hæfni | Nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• Eflir hljóðvitund, nær tókum á hljóðgreiningu.• Kann alla bókstafi og hljóð þeirra.• Tengir saman stafi og hljóð.• Þekkir algengar orðmyndir.• Nær samhengi í texta, þó að hann þekki ekki öll orðin.• Fær áhuga á lesmáli í umhverfinu. | <ul style="list-style-type: none">• Geri sér grein fyrir uppbyggingu orða og nær færni í hljóðgreiningu.• Þekkir alla bókstafi og hljóð.• Unnið með orðaforða og hann aukinn. | <ul style="list-style-type: none">• Stafavinna.• Lykilorðavinna.• Markviss málörvun og hljóðvitundarvinna.• Yndislestur.• Heimalestur.• Orðaskrif. | <ul style="list-style-type: none">• Tove Krogh – lok september• Stafa/hljóðakannanir -desember og oftár fyrir þá sem þurfa.• Hljóðvitundarkönnun í janúar. | |



Lestrarstefna Reykjahlíðarskóla

| 2. bekkur | Markmið og leiðir | Mat á markmiðum og leiðum | Kennsluaðferðir og íhlutun | Matstækni Hvenær framkvæmt | Viðmið árgangs yfir veturinn |
|--------------------------|---|---|---|--|---|
| Lesmál og leikni | Nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• Les texta sem hæfir aldri.• Eykur leshraða og lesfimi, les upphátt og tekur mið af greinarmerkjum.• Nær að hlusta með athygli á upplestur.• Skilur innihald texta.• Getur flutt ljóð og texta fyrir framan hóp.• Les sér til ánægju.• Getur endursagt efni bókar og sagt hvernig honum fannst bókina. | <ul style="list-style-type: none">• Getur lesið texta tiltölulega áreynslulaust.• Getur lesið eigin texta.• Getur hlustað á flutning annarra. | <ul style="list-style-type: none">• Lestur fyrir kennara fimm sinnum í viku.• Yndislestur.• Upplestur í bekk.• Heimalestur. Íhlutun: Sjá töflu blaðsíðu 19 | <ul style="list-style-type: none">• Lesferill<ul style="list-style-type: none">○ Lesfimiþróf í sept., jan., og maí○ Sjónrænn orðaforði og orðleysur í sept. jan. og maí | Í lok maí V1 - Lágmarksviðmið: 40 orð á mín. V2 - Almenn viðmið: 85 orð á mín V3 - Metnaðarfull viðmið: 100 orð á mín. |
| Aðferðir og hæfni | Nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• Eflir hljóðvitund.• Les í hljóði í allt að 15 mínútur.• Greinir í sundur lík orð.• Les alla stafi, orð með einföldum/tvöföldum samhljóðum og samhljóðasamböndum.• Þekkir bókatitla og einstaka höfunda.• Spyr spurninga úr efni bóka.• Dregur saman og endursegir atburði úr stuttum sögum í rétttri röð.• Skrifar texta úr lesmáli, býr til sögur. | <ul style="list-style-type: none">• Nær góðri færni í hljóðgreiningu.• Þekkir alla bókstafi og hljóð.• Aukinn orðaforði. | <ul style="list-style-type: none">• Hljóðaaðferð.• Lykilorðavinna.• Hljóðvitundavinna.• Orðavinna.• Orðasafn.• Dagbók.• Vinnubókarvinna• Lestrarforrit í iPad. | <ul style="list-style-type: none">• Stafa/hljóðakannanir fyrir þá sem þurfa.• Hljóðvitundarkönnun fyrir þá sem þurfa. | |



| 3. bekkur | Markmið og leiðir | Mat á markmiðum og leiðum | Kennsluaðferðir og íhlutun | Matstækni Hvenær framkvæmt | Viðmið árgangs yfir veturinn |
|--------------------------|---|---|---|--|--|
| Lesmál og leikni | Nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• Les texta sem hæfir aldri, getur valið sér bækur sjálfur.• Eykur lestrarhraða og lesfimi.• Nær að hlusta með athygli á upplestur.• Skilur innihald texta og dregur ályktanir um framvindu.• Les sér til ánægju. | <ul style="list-style-type: none">• Getur lesið fjölbreyttan texta.• Getur hlustað á flutning annarra.• Getur lesið eigin texta.• Les upplýsingar úr ýmsum áttum, t.d. úr orðadæmum, myndritum, forritum og fyrirsmælum. | <ul style="list-style-type: none">• Lestur fyrir kennara fimm sinnum í viku.• Yndislestur.• Paralestur.• Upplestur í bekk.• Heimalestur. Íhlutun: Sjá töflu blaðsíðu 19 | <ul style="list-style-type: none">• Lesferill<ul style="list-style-type: none">○ Lesfimiþróf í sept., jan. og maí○ Sjónrænn orðaforði og orðleysur í sept., jan. og maí• Logos – lesskimun í janúar. | Í lok maí: V1 - Lágmarksviðmið: 55 orð á mín. V2 - Almenn viðmið: 100 orð á mín. V3 – Metnaðarfull viðmið: 120 orð á mín. |
| Aðferðir og hæfni | Nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• Eflir hljóðvitund og hljóðgreiningu.• Kann stafrófið og nýtir sér það.• Les í hljóði í allt að 15 mínútur.• Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkinga orða í texta.• Tekur mið af greinarmerkjum við lestur.• Fer að gera sér grein fyrir mismunandi blæbrigðum texta.• Spyr spurninga úr efni bóka.• Dregur saman og endursegir atburði úr sögum í réttri röð. | <ul style="list-style-type: none">• Nær góðri færni í hljóðgreiningu.• Kann stafrófið.• Upplestur er lipur.• Aukinn orðaforði. | <ul style="list-style-type: none">• Hljóðvitundarvinna.• Orðavinna.• Stafrófsvinna.• Dagbók.• Yndislestur.• Heimalestur.• Orðasafn.• Lesrún.• Vinnubókavinna. | Fyrir þá sem þurfa: <ul style="list-style-type: none">• Nefnuhraðaþróf | |



| 4. bekkur | Markmið og leiðir | Mat á markmiðum og leiðum | Kennsluaðferðir og íhlutun | Matstækni Hvenær framkvæmt | Viðmið árgangs yfir veturinn |
|--------------------------|--|---|--|--|---|
| Lesmál og leikni | <p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les texta sem hæfir aldri, getur valið sér bækur sjálfur. • Eykur lestrarhraða og lesfimi. • Nær að hlusta með athygli á upplestur. • Skilur innihald texta og dregur ályktanir um framvindu. • Les sér til ánægju. • Eykur þekkingu sína á mismunandi flokkum bókmennata. • Les texta úr ýmsum áttum. | <ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið fjölbreyttan texta. • Getur hlustað á flutning annarra. • Þekkir ýmsa flokka bókmennata t.d. þjóðsögur, ævintýri, fræðibækur. • Les upplýsingar úr gröfum, listum, töflum, kortum, orðadæmum, uppskriftum, forritum og fyrirmælum. | <ul style="list-style-type: none"> • Lestur fyrir kennara fjórum til fimm sinnum í viku. • Yndislestur. • Upplestur í bekk, framsögn. • Paralestur. • Heimalestur. <p>Íhlutun: Sjá töflu blaðsíðu 19</p> | <ul style="list-style-type: none"> • Lesferill <ul style="list-style-type: none"> ○ Lesfimiþróf í sept., jan., og maí • Samræmd þróf í september | <p>Í lok maí:</p> <p>V1 - Lágmarksviðmið: 80 orð á mín.</p> <p>V2 - Almenn viðmið: 120 orð á mín.</p> <p>V3 - Metnaðarfull viðmið: 145 orð á mín.</p> |
| Aðferðir og hæfni | <p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • Eflir hljóðvitund og hljóðgreiningu. • Les í hljóði í allt að 20 mín. • Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkinga orða í texta. • Tekur mið af greinarmerkjum við lestur. • Les upphátt með mismunandi blæbrigðum. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Dregur saman og endursegir atburði úr sögum í réttri röð. | <ul style="list-style-type: none"> • Nær góðri færni í hljóðgreiningu. • Upplestur er hraður og lipur. • Aukinn orðaforði. • Nýtir sér lesefni til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef. | <ul style="list-style-type: none"> • Hljóðvitundarvinna. • Orðavinna. • Setningavinna. • Stafrófsvinna. • Yndislestur. • Heimalestur. • Orðasafn. • Vinnubókavinna. • Ritunarvinna. | <p>Fyrir þá sem þurfa</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nefnuhraðaþróf. • Orðleysuþróf. • Sjónrænn orðaforði. | |



Lestrarstefna Reykjavíðarskóla

| 5. bekkur | Mat og leiðir | Mat á markmiðum og leiðum | Kennsluaðferðir og íhlutun | Matstækni Hvenær framkvæmt | Viðmið árgangs yfir veturinn |
|--------------------------|--|---|---|---|---|
| Lesmál og leikni | <p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les texta sem hæfir aldri, getur valið sér bækur sjálfur. • Eykur lestrarhraða og lesfimi. • Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra. • Skilur innihald texta og dregur ályktanir um framvindu. • Les sér til ánægju. • Eykur þekkingu sína á mismunandi flokkum bókmennta. • Les texta úr ýmsum áttum. • Les bækur sem reyna á færni í lestri. | <ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið fjölbreyttan texta. • Getur hlustað á fluttning annarra. • Getur lesið eigin texta. • Þekkir ýmsa flokka bókmennta t.d. skáldsögur, þjóðsögur, fræðibækur, ævintýri. • Les upplýsingar úr gröfum, listum, töflum, kortum, orðadæmum, uppskriftum, forritum og fyrirætlum. | <ul style="list-style-type: none"> • Lestur fyrir kennara fjórum til fimm sinnum í viku. • Yndislestur. • Paralestur. • Gagnvirkur lestur. • Heimalestur. <p>Íhlutun: Sjá töflu blaðsíðu 19</p> | <ul style="list-style-type: none"> • Lesferill <ul style="list-style-type: none"> ○ Lesfimiþróf í sept., jan., og maí | <p>Í lok maí</p> <p>V1 - Lágmarks viðmið: 90 orð á mín.</p> <p>V2 - Almenn viðmið: 130 orð á mín.</p> <p>V3 – Metnaðarfull viðmið: 160 orð á mín.</p> |
| Aðferðir og hæfni | <p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les í hljóði í allt að 20 mín. • Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkingar orða í texta. • Tekur mið af greinarmerkjum við lestur. • Les upphátt með tjáningu og blæbrigðum. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Getur greint frá aðalatriðum úr texta. • Ræðir umgjörð, persónur og sjónarhorn. • Býr sér til lestraráætlun. | <ul style="list-style-type: none"> • Upplestur er hraður, lipur og áheyrulegur. • Aukinn orðaforði. • Nýtir sér lesefni til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef. | <ul style="list-style-type: none"> • Stafrófsvinna. • Setningaskrif úr lesnum texta. • Hugtakakort. • Ritunarvinna. • Yndislestur. • Heimalestur. • Hljóðbækur eftir þörfum. • Ipad vinna. • Vinnubókavinna. | <p>Fyrir þá sem þurfa</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nefnuhraðaþróf. • Orðleysuþróf. • Sjónrænn orðaforði. | |



Lestrarstefna Reykjavíðarskóla

| 6. bekkur | Markmið og leiðir | Mat á markmiðum og leiðum | Kennsluaðferðir og íhlutun | Matstæki Hvenær framkvæmt | Viðmið árgangs yfir veturinn |
|--------------------------|---|--|---|--|--|
| Lesmál og leikni | <p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les texta sem hæfir aldri, getur valið sér bækur sjálfur. • Eykur lestrarhraða og lesfimi. • Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra. • Skilur innihald texta og dregur ályktanir með framvindu. • Les sér til ánægju. • Eykur þekkingu sína á mismunandi flokkum bókmennna. • Les texta úr ýmsum áttum. • Les bækur sem reyna á færni í lestri t.d. fræðitexta. | <ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið fjölbreyttan texta. • Getur hlustað á flutning annarra. • Getur lesið eigin texta. • Þekkir ýmsa flokka bókmennna t.d. skáldsögur, þjóðsögur, fræðibækur, ævintýri. • Les upplýsingar úr gröfum, listum, töflum, kortum, orðadæmum, uppskriftum og fyrirmælum. | <ul style="list-style-type: none"> • Lestur fyrir kennara tvisvar sinnum í viku. • Yndislestur. • Upplestur í bekk, framsögn. • Paralestur. • Leitarlestur. • Gagnvirkur lestur. • Heimalestur. <p>Íhlutun: Sjá töflu blaðsíðu 19</p> | <ul style="list-style-type: none"> • Lesferill <ul style="list-style-type: none"> ○ Lesfimiþróf í sept., jan., og maí | <p>Í lok maí</p> <p>V1 - Lágmarks viðmið: 105 orð á mín.</p> <p>V2 - Almenn viðmið: 155 orð á mín.</p> <p>V3 – Metnaðarfull viðmið: 175 orð á mín.</p> |
| Aðferðir og hæfni | <p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les í hljóði í allt að 20 mín. • Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkingar orða í texta. • Tekur mið af greinarmerkjum við lestur. • Les upphátt með tjáningu og blæbrigðum. • Les milli línanna. • Þekkir bókatitla og einstaka höfunda. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Getur greint frá aðalatriðum úr texta. • Ræðir umgjörð, persónur og sjónarhorn. • Býr sér til lestraráætlun. | <ul style="list-style-type: none"> • Upplestur er hraður, lipur og áheyrilegur. • Aukinn orðaforði • Nýtir sér lesefni til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef. | <ul style="list-style-type: none"> • Orðavinna • Setningaskrif úr lesnum texta. • Hugtakakort • Ritunarvinna • Yndislestur • Framsagnaræfing • Heimalestur • Hljóðbækur eftir þörfum • Ípad vinna • Vinnubókarvinna | <p>Fyrir þá sem þurfa:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nefnuhraðaþróf • Orðleysuþróf • Sjónrænn orðaforði | |



Lestrarstefna Reykjavíðarskóla

| 7. bekkur | Markmið og leiðir | Mat á markmiðum og leiðum | Kennsluaðferðir og íhlutun | Matstæki Hvenær framkvæmt | Viðmið árgangs yfir veturinn |
|-------------------------|---|---|---|---|---|
| Lesmál og leikni | Nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• Les texta sem hæfir aldri, getur valið sér bækur sjálfur.• Eykur lestrarhraða og lesfimi.• Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra.• Skilur innihald texta og dregur ályktanir með framvindu.• Les sér til ánægju.• Eykur þekkingu sína á mismunandi flokkum bókmennta.• Les texta úr ýmsum áttum.• Les bækur sem reyna á færni í lestri t.d. fræðitexta.• Þjálfar yfirlitslestur, gagnvirkan lestur og nákvæmnislestur. | <ul style="list-style-type: none">• Getur lesið fjölbreyttan texta.• Getur hlustað á flutning annarra.• Getur lesið eigin texta.• Þekkir ýmsa flokka bókmennta t.d. skáldsögur, þjóðsögur, fræðibækur, ævintýri.• Les upplýsingar úr gröfum, listum, töflum, kortum, orðadæmum, uppskriftum og fyriræmum. | <ul style="list-style-type: none">• Lestur fyrir kennara tvisvar sinnum í viku.• Yndislestur.• Upplestur í bekk, framsögn.• Paralestur.• Leitarlestur.• Gagnvirkur lestur.• Samlestur.• Heimalestur. <p>Íhlutun: Sjá töflu blaðsíðu 19</p> | <ul style="list-style-type: none">• Lesferill<ul style="list-style-type: none">○ Lesfimiþróf í sept., jan., og maí• Samræmd próf í sept. | Í lok maí V1 - Lágmarks viðmið: 120 orð á mín. V2 - Almenn viðmið: 165 orð á mín. V3 – Metnaðarfull viðmið: 190 orð á mín. |



Lestrarstefna Reykjahlíðarskóla

| | | | | | |
|--------------------------|---|--|--|--|--|
| Aðferðir og hæfni | Nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• Les í hljóði í allt að 20 mín.• Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkingar orða í texta.• Tekur mið af greinarmerkjum við lestur.• Les upphátt með tjáningu og blæbrigðum.• Les milli línanna.• Þekkir bókatitla og einstaka höfunda.• Spyr spurninga úr efni bóka.• Getur greint frá aðalatriðum úr texta.• Ræðir umgjörð, persónur og sjónarhorn.• Býr sér til lestraráætlun.• Mælir með bókum við aðra. | <ul style="list-style-type: none">• Upplestur er hraður og lipur.• Hefur öðlast góðan lesskilning, orðaforða og málskilning.• Nýtir sér lesefni sér til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef, notar orðabækur og rafræn hjálpargögn.• Getur sagt frá innihaldi. | <ul style="list-style-type: none">• Orðavinna• Setningaskrif úr lesnum texta.• Yndislestur.• Heimalestur.• Framsagnaræfing.• Hugtakakort.• Ritunarvinna.• Nýyrðasmíð.• Hljóðbækur.• Ipad vinna.• Vinnubókavinna. | <ul style="list-style-type: none">• Stóra upp-lestrarkeppnin. Fyrir þá sem þurfa <ul style="list-style-type: none">• Nefnuhraða-próf.• Orðaleysupróf.• Sjónrænn orðaforði. | |
|--------------------------|---|--|--|--|--|



| 8. bekkur | Markmið og leiðir | Mat á markmiðum og leiðum | Kennsluaðferðir og íhlutun | Matstæki Hvenær framkvæmt | Viðmið árgangs yfir veturinn |
|-------------------------|--|--|--|--|--|
| Lesmál og leikni | <p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les sér til gagns og ánægju og styrkir stöðu sína með tilliti til leshraða og lesskilnings. • Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra. • Skilur innihald texta, leggur mat á hann og túlkar og dregur ályktanir um framvindu. • Eykur þekkingu sína á mismunandi flokkum bókmennta. • Les texta úr ýmsum áttum, leggur mat á þá og túlkar (m.a. með tilliti til bókmennta- og ljóðahugtaka). • Les bækur sem reyna á færni í lestri, t.d. fræðitexta. • Eykur orðaforða sinn og notar hann á fjölbreyttan hátt. • Leitar og aflar sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og leggur mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekur gagnrýna afstöðu til þess. • Þjálfar hraðlestur, leitarlestur, yfirlitslestur, gagnvirkan lestur, nákvæmnislestur og raddlestur. | <ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið fjölbreyttan texta skýrt og áheyrilega. • Getur hlustað á flutning annarra. • Getur lesið eigin texta og annarra. • Þekkir ýmsa flokka bókmennta t.d. skáldsögur, smásögur, örsögur, þjóðsögur, goðsögur, ævintýri og Íslendingasögur. • Les og skilur tölulegar og myndrænar upplýsingar og getur túlkað þær. | <ul style="list-style-type: none"> • Yndislestur. • Ýmis hópaverkefni, kynningar, upplestur og framsögn. • Innlagnir, leiðsögn. • Fjölbreyttar lestraraðferðir s.s. gagnvirkur, hrað-, leitar-, para-, sam og raddlestur. • Orðaforði aukinn. • Bókmennta-umfjöllun. • Bókmennta-ritgerð. <p>Íhlutun: Sjá töflu blaðsíðu 19</p> | <ul style="list-style-type: none"> • Lesferill <ul style="list-style-type: none"> ○ Lesfimiþróf í sept., jan., og maí | <p>Í lok maí:</p> <p>V1 - Lágmarks- viðmið: 130 orð á mín.</p> <p>V2 - Almenn viðmið: 180 orð á mín.</p> <p>V3 - Metnaðar- full viðmið: 210 orð á mín.</p> |



Lestrarstefna Reykjavíðarskóla

| | | | | | |
|--------------------------|--|--|--|---|--|
| Aðferðir og hæfni | Nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• Les krefjandi lesefni sér til gagns og ánægju.• Les upphátt með tjáningu.• Þekkir bókatitla og einstaka höfunda.• Spyr spurninga úr efni bóka.• Getur greint frá efni texta.• Yfirfærir upplýsingar úr töflum og línuritum í munnlegt og skriflegt form.• Ræðir umgjörð, persónur, tíma, sjónarhorn og boðskap.• Les á milli línanna.• Býr sér til lestraráætlun.• Mælir með bókum við aðra. | <ul style="list-style-type: none">• Upplestur er hraður og lipur• Er með góðan lesskilning, orðaforða og málskilning.• Nýtir sér lesefni sér til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef.• Getur beitt helstu bókmenntahugtökum s.s. söguþræði, sjónarhorni, umhverfi, tíma og risi.• Getur beitt algengum ljóðahugtökum s.s. rími, ljóðstöfum og hrynjandi og gert grein fyrir myndmáli. | <ul style="list-style-type: none">• Kjörbókarlestur.• Verkefnavinna tengd námi í bókmenntum, munnlega, skriflega og í ipad.• Ritgerðavinna.• Nýting hljóðbóka eftir þörfum. | Fyrir þá sem þurfa <ul style="list-style-type: none">• Nefnuhraða-próf.• Orðleysupróf.• Sjónrænn orðaforði. | |
|--------------------------|--|--|--|---|--|



| 9. bekkur | Markmið og leiðir | Mat á markmiðum og leiðum | Kennsluaðferðir og íhlutun | Matstæki Hvenær framkvæmt | Viðmið árgangs yfir veturinn |
|-------------------------|---|--|--|--|--|
| Lesmál og leikni | <p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les sér til gagns og ánægju og styrkir stöðu sína með tilliti til lestrarhraða og lesskilnings. • Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra. • Skilur innihald texta, leggur mat á hann og túlkar og dregur ályktanir um framvindu. • Fær innsýn í fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gerir sér grein fyrir gildi bókmennta. • Les bækur sem reyna á færni í lestri, t.d. fræðitexta. • Eykur orðaforða sinn og notar hann á fjölbreyttan hátt. • Leitar og aflar sér heimilda úr ýmsum gagnagrunnum og leggur mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og tekur gagnrýna afstöðu til þess. • Þjálfar hraðlestur, leiklestur, yfirlestur, gagnvirkurlestur námkvæmnislestur og raddlestur. | <ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið fjölbreyttan texta skýrt og áheyrilega. • Getur hlustað á flutning annarra. • Getur lesið eigin texta og annarra. • Þekkir ýmsa flokka bókmennta s.s. skáldsögur, Íslendingasögur og Íslendingaþætti. • Les og skilur tölulegar og myndrænar upplýsingar og túlkun þeirra. | <ul style="list-style-type: none"> • Yndislestur. • Ýmis hópaverkefni, kynningar upplestur og framsögn. • Innlagnir, leiðsögn. • Fjölbreyttar lestraraðferðir s.s. gagnvirkur, hrað-, leitar-, para-, sam- og raddlestur. • Orðaforði aukinn. • Bókmennta-umfjöllun. • Bókmennta-ritgerð. <p>Íhlutun: Sjá töflu blaðsíðu 19</p> | <ul style="list-style-type: none"> • Lesferill <ul style="list-style-type: none"> ○ Lesfimiþróf í sept., jan., og maí • Samræmd próf í september | <p>Í lok maí:</p> <p>V1 - Lágmarks- viðmið: 140 orð á mín.</p> <p>V2 - Almenn viðmið: 180 orð á mín.</p> <p>V3 - Metnaðar- full viðmið: 210 orð á mín.</p> |



Lestrarstefna Reykjavíðarskóla

| | | | | | |
|--------------------------|---|---|---|---|--|
| Aðferðir og hæfni | Nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• Les krefjandi lesefni sér til gagns og ánægju.• Les upphátt með tjáningu.• Þekkir bókatitla og einstaka höfunda.• Spyr spurninga úr efni bóka.• Getur greint frá efni texta.• Yfirfærir upplýsingar úr töflum og línuritum í munnlegt og skriflegt form.• Beitir hugtökum bókmenntafræðinnar, kannast við myndmál og ólík stílbrögð.• Les á milli línanna.• Býr sér til lestraráætlun.• Mælir með bókum við aðra. | <ul style="list-style-type: none">• Upplestur er hraður og lipur.• Er með góðan lesskilning, orðaforða og málskilning.• Nýtir sér lesefni sér til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef.• Getur beitt helstu bókmenntahugtökum s.s. söguþræði, sjónarhorni, umhverfi, tíma, risi og minni.• Getur beitt algengum ljóðahugtökum, s.s. rími, ljóðstöfum og hrynjandi og gert grein fyrir myndmáli. | <ul style="list-style-type: none">• Kjörbókarlestur.• Verkefnavinna tengd námi í bókmenntum, munnlega, skriflega og í ípad• Ritgerðavinna.• Nýting hljóðbóka eftir þörfum. | Fyrir þá sem þurfa <ul style="list-style-type: none">• Nefnuhraða-próf.• Orðleysupróf.• Sjónrænn orðaforði. | |
|--------------------------|---|---|---|---|--|



| 10. bekkur | Markmið og leiðir | Mat á markmiðum og leiðum | Kennsluaðferðir og íhlutun | Matstæki Hvenær frankvæmt | Viðmið árgangs yfir veturinn |
|-----------------------------|--|--|--|--|--|
| Lesmál og leikni | <p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none">• Les sér til gagns og ánægju og styrkir stöðu sína með tilliti til lestrarhraða og lesskilnings.• Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra.• Skilur innihald texta, leggur mat á hann og túlkar og dregur ályktanir um framvindu.• Fær innsýn í fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir frá ýmsum tímum.• Les bækur sem reyna á færni í lestri, t.d. fræðitexta.• Eykur orðaforða sinn og notar hann á fjölbreyttan hátt.• Leitar og aflar sér heimilda úr ýmsum gagnagrunnum og leggur mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og tekur gagnrýna afstöðu til þess.• Þjálfar hraðlestur, leitarlestur, yfirlitslestur, gagnvirkan lestur, nákvæmnislestur og raddlestur. | <ul style="list-style-type: none">• Getur lesið fjölbreyttan texta skýrt og áheyrilega.• Getur hlustað á flutning annarra.• Getur lesið eigin texta og annarra.• Þekkir ýmisa flokka bókmennta frá ýmsum tímum.• Les og skilur tölulegar- og myndrænar upplýsingar - túlkar þær og tengir saman efni sem er sett fram á ólíkan hátt. | <ul style="list-style-type: none">• Yndislestur.• Ýmis hópaverkefni, kynningar, upplestur og framsögn.• Innlagnir, leiðsögn.• Fjölbreyttar lestraraðferði s.s. gangvirkur, hrað-, leitar-, para-, sam- og raddlestur.• Orðaforði aukinn.• Bókmennta-umfjöllun.• Bókmennta-ritgerð. <p>Íhlutun: Sjá töflu blaðsíðu 19</p> | <ul style="list-style-type: none">• Lesferill<ul style="list-style-type: none">○ Lesfimiþróf í sept., jan., og maí | <p>Í lok maí:</p> <p>V1 - Lágmarks- viðmið: 145 orð á mín.</p> <p>V2 - Almenn viðmið: 180 orð á mín.</p> <p>V3 - Metnaðar- full viðmið: 210 orð á mín.</p> |



Lestrarstefna Reykjavíðarskóla

| | | | | | |
|--------------------------|---|---|---|---|--|
| Aðferðir og hæfni | Nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• Les krefjandi lesefni sér til gagns og ánægju.• Les upphátt með tjáningu.• Þekkir bókatitla og einstaka höfunda.• Spyr spurninga úr efni bóka.• Getur greint frá efni texta.• Yfirfærir upplýsingar úr töflum og línuritum í munnlegt og skriflegt form.• Beitir hugtökum bókmenntafræðinnar, kannast við myndmál og ólík stílbrögð.• Les á milli línanna.• Býr sér til lestraráætlun.• Mælir með bókum við aðra. | <ul style="list-style-type: none">• Upplestur er hraður og lipur• Er með góðan lesskilning, orðaforða og málskilning.• Nýtir sér lesefni sér til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef.• Getur beitt helstu bókmenntahugtökum s.s. söguþræði, sjónarhorni, umhverfi, tíma, risi og minni.• Getur beitt algengum ljóðahugtökum s.s. rími, ljóðstöfum og hrynjandi og gert grein fyrir myndmáli. | <ul style="list-style-type: none">• Kjörbókarlestur.• Verkefnavinna tengd námi í bókmenntum, munnlega, skriflega og í ipad• Ritgerðavinna.• Nýting hljóðbóka eftir þörfum. | Fyrir þá sem þurfa <ul style="list-style-type: none">• Nefnuhraða-próf.• Orðleysupróf.• Sjónrænn orðaforði. | |
|--------------------------|---|---|---|---|--|



Próf og mælitæki

Skimanir og stöðupróf Menntamálastofnunar

Við námsmat í lestri eru notuð stöðluð lesfimiþróf frá Menntamálastofnun. Prófin eru aldursmiðuð og eru mælikvarði til að kanna framvindu lestrarnáms. Þessi próf eru skráð inn í Lesferil sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar. Prófin taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla.

Matstækinu er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Niðurstöður sýna árangur nemanda og hvar hann stendur miðað við jafnaldra. Lesfimi er mæld í lesnum orðafjölda á mínútu. Nemendur lesa upphátt samfelldan texta fyrir kennara í einrúmi í tvær mínútur. Nemendur í 2. – 10. bekk taka þrjú lesfimiþróf á hverju skólaári og 1. bekkur eingöngu að vori. Niðurstöður gefa einnig til kynna hvar nemandi stendur miðað við jafnaldra á landsvísu. Að auki leggur umsjónakennari fyrir alla nemendur í 2. – 3. bekk stöðluð próf sem meta sjónrænan orðaforða, orðleysulestur og nefnuhraða. Hægt er að nýta þessi hliðarpróf fyrir nemendur í efri bekkjum ef ástæða þykir.

Sjónrænn orðaforði metur orðaforða sem nemandinn þekkir án þess að þurfa að raða saman öllum hljóðum orðsins (hljóða sig í gegnum það). Nemandinn getur ekki lesið af samhengi texta við lestur stakra orða.

Orðleysupróf gerir þær kröfur að nemandinn þarf að beita hljóðaaðferðinni til að lesa sig í gegnum orðleysur eða bullorð. Nefnuhraði er til að kanna hversu hratt nemandi getur kallað fram hljóðrænar upplýsingar óháð hljóðvitund eða stafapekkingu.

Nefnuhraði hefur forspárgildi varðandi lestur. Lesa má nánar um Lesfimi með því að smella á hlekkinn hér fyrir neðan:

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf



LOGOS

LOGOS er tölvuforrit/próf til að greina dyslexíu og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum. Bjarnfríður Jónsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðlaug Snorradóttir og Gyða M. Arnmundsdóttir hafa þýtt, staðlað og staðfært það í samstarfi við lestrarsérfræðinginn prófessor Torleiv Høyien frá Noregi. LOGOS skiptist í tvo prófaflokka. Annar prófaflokkurinn er ætlaður nemendum í 3. – 5. bekk, en hægt er að nota ákveðna þætti úr prófinu fyrir nemendur í 2. bekk í þeim tilgangi að greina lestrarerfiðleika barna eins fljótt og unnt er. Prófaflokkurinn skiptist í 17 prófþætti og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og kennslufræðileg úrræði hvað varðar lestrarnám barna. Hinn prófaflokkurinn er ætlaður nemendum í 6. – 10. bekk og fullorðnum. Sá prófaflokkur er í 14 prófþáttum sem greina leshraða, lesskilning, hlustunarskilning, umkóðun og aðra lestrartengda færni. Flestir prófþættirnir eru metnir með tilliti til nákvæmni og viðbragðsflýtis. Prófin eru stöðluð út frá aldurssvarandi viðmiðun. LOGOS nýtist einnig til skimunar á heilum bekkjum eða árgöngum. Sérkennari leggur prófið fyrir og les úr niðurstöðunum.



Íhlutun

| Viðmið | Staða nemenda | Umsjón/Ábyrgð | Íhlutun | Mat/endurmat | Þjálfun/Eftirfylgni |
|---|---|---|--|-------------------------------------|---|
| Nemandi yfir V3 Framúrskarandi færni | Góðar forsendur | Umsjónarkennari | Engin íhlutun Þjálfun við hæfi | Skimunaráætlun skóla | Umsjónarkennari |
| Nemandi milli V2 – V3 Fullnægjandi færni | Góðar forsendur | Umsjónarkennari | Engin íhlutun Þjálfun við hæfi | Skimunaráætlun skóla | Umsjónarkennari |
| Nemandi milli V1 – V2 Lágmarksfærni | Þjálfunarskortur Félagslegur vandi | Umsjónarkennari Sérkennari ráðgefandi | Hópáætlun Lotur (Heimilin) | Við lotulok Skimunaráætlun skóla | Sérkennari: Ráðgjöf Umsjónarkennari: Íhlutun og eftirfylgni Foreldrar: Þjálfun |
| Nemandi undir V1 Ófullnægjandi færni | Greindur vandi Grunur um vanda Önnur frávik | Umsjónarkennari Sérkennari | Lestarstuðningur Einstaklingsáætlun | Við lotulok Skimunaráætlun skóla | Umsjónarkennari: |



Hugmyndir að lestrarþjálfun fyrir heimilin:

Stuðningur og leiðsögn við lestur: Lestrarstuðningur felst í því að hlusta á lestur nemenda, hvetja, leiðrétta villur og gefa leiðbeiningar um hvernig góður lestur er.

Endurtekinn lestur með tímatöku: Nemandinn les eina blaðsíðu tvisvar til þrisvar sinnum og foreldri/forráðamaður tekur tímann. Nemandinn reynir að bæta sig í hvert sinn sem hann les. Endurtekning er mjög mikilvægur þáttur í lestrarþjálfun og þar sem nemendum finnst endurtekning oft ekki spennandi þá er þetta góð aðferð til að fá nemandann í endurtekningalestur.

Víxllestur: Nemandi og foreldri/forráðamaður lesa saman upphátt. Blaðsíður eru lesnar til skiptis, einnig er hægt að lesa eina og eina setningu, eða eina og eina efnisgrein til skiptis. Gott að hafa tvö eintök af sömu bókinni.

Leiðbeinandi lestur: Foreldri/forráðamaður les afmarkaðan texta fyrir nemandann. Nemandinn æfir sig að lesa textann í hljóði eða lágt og reynir að líkja eftir lestrarlagi foreldris/forráðamanns. Að lokum les nemandinn textann upphátt. Foreldri/forráðamaður leiðbeinir og leiðréttr ásamt því að hvetja nemandann áfram.

Upplestur með foreldri/forráðamanni: Nemandinn les texta sekúndubroti á eftir fullorðna aðilanum. Orð endurtekin eftir þörfum.

Að hlusta og lesa: Hlustun á hljóðbók/tölvu samhliða lestri er góð æfing í sjálfvirkum lestri. Margar bækur er hægt að nálgast sem hljóðbækur inni á mms.is. Námsgagnastofnun gefur hljóðbækurnar út og hægt er að hlusta á þær án endurgjalds og fylgjast með textanum í bók um leið.

Að lesa fyrir barnið: Rannsóknir sýna að lestur fyrir börn hefur áhrif á lestraráhuga þeirra, eflir læsi og leggur grunn að því að börn njóti þess að lesa sjálf síðar meir.

Lestrarmenning: Lestrarmenning á heimilum skiptir sköpum fyrir viðhorf barna til lesturs. Með lestrarmenningu er meðal annars átt við þau viðhorf sem ríkja á heimilinu til læsis, hversu mikið börn sjá aðra á heimilinu lesa og skrifa og hversu gott aðgengi að lesefni er á heimilinu.



Heimalestrarþjálfun nemanda

| | | | |
|---|------------------------|--------------------------|---|
| Nemandi sem les 10 mínútur á dag 5 daga vikunnar: | Les 50 mínútur á viku | Les 200 mínútur á mánuði | Les 1800 mínútur frá september til maíloka. |
| Nemandi sem les 15 mínútur á dag 5 daga vikunnar: | Les 75 mínútur á viku | Les 300 mínútur á mánuði | Les 2700 mínútur frá september til maíloka. |
| Nemandi sem les 20 mínútur á dag 5 daga vikunnar: | Les 100 mínútur á viku | Les 400 mínútur á mánuði | Les 3600 mínútur frá september til maíloka. |

Verklagsreglur ef heimalestri er ekki sinnt

Ef heimalestri er ekki sinnt

1. Umsjónarkennari sendir tölvupóst heim ef heimalestri er ekki sinnt tvær vikur í röð.
2. Umsjónarkennari hringir heim ef litlar breytingar verða.
3. Ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur boðar umsjónarkennari foreldra/forráðamenn á fund. Komi sú staða upp að ofangreindar verklagsreglur beri ekki árangur er málinu vísað til nemendaverndarráðs.